



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Þverfaglegt samstarf fyrir þolendur ofbeldis

Tilraunaverkefnið Bjarkarhlíð

Bergþóra Björg Jónsdóttir

Guðný Björk Eydal
Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Þverfaglegt samstarf fyrir þolendur ofbeldis

Tilraunaverkefnið Bjarkarhlíð

Bergþóra Björg Jónsdóttir

250292-2609

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal

Aðstoðarleiðbeinandi: Ragna Björg Guðbrandsdóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Þverfaglegt samstarf fyrir þolendur ofbeldis

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf

og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Bergþóra Björg Jónsdóttir, 2018

Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í félagsráðgjöf við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Markmið ritgerðarinnar er að kanna þverfaglegt samstarf fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum líkt og úrræðið Bjarkarhlíð. Skoðað verður hlutverk Bjarkarhlíðar og uppbygging verkefnisins hér á landi. Fjallað er sérstaklega um hugmyndafræði *Family Justice Center* en hún er lögð til grundvallar starfinu í Bjarkarhlíð. Þá er fjallað um um hlutverk félagsráðgjafa í Bjarkarhlíð og hvernig þeir vinna með þolendum ofbeldis. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar benda til að hægt sé að ná mjög góðum árangri með þolendum ofbeldis í þverfaglegu samstarfi sem byggir á líkani *Family Justice Center*, bæði með vitundarvakningu í samfélaginu og með því að stuðla að valdeflingu þolenda ofbeldis. Aðsókn og umfang starfsins í Bjarkarhlíð hefur verið meiri en búist var við og miðstöðinni hefur verið vel tekið, bæði hjá þjónustugegum og fagaðilum. Þó að Bjarkarhlíð nýtt úrræði þá er þegar ljóst að þessi viðbót við úrræði fyrir þolendur ofbeldis hér á landi er mikilvæg.

Lykilhugtök: Þverfaglegt samstarf, Bjarkarhlíð, ofbeldi, úrræði

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni til BA-prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Vinna við ritgerðina fór fram vorið 2018. Neikvæðar afleiðingar ofbeldis á einstaklinginn og samfélagið í heild eru ótvíræðar. Hefur því áhugasvið höfundar í gegnum námið beinst að þeim úrræðum sem þolendum ofbeldis stendur til boða hér á landi. Þverfaglegt samstarf milli frjálsra félagasamtaka og stofnana hefur höfundi þótt einstaklega áhugaverð nálgun og fellur viðfangsefni ritgerðarinnar því vel að áhugasviði höfundar. Leiðbeinendur mínir þær Guðný Björk Eydal og Ragna Björg Guðbrandsdóttir fá bestu þakkir fyrir góðar ábendingar og faglega leiðsögn við vinnslu ritgerðarinnar. Systir mín, Sædís Jana Jónsdóttir fær sérstaklega miklar þakkir fyrir mikinn stuðning gegnum allt námið, þolinmæði og góðan yfirlestur á ritgerðinni. Einnig vil ég þakka móður minni henni Jakobínu Steinunni Guðmundsdóttur fyrir veitta aðstoð. Að lokum vil ég þakka dóttur minni henni Emblu Kareni fyrir mikla þolinmæði og hvatningu gegnum námið.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur.....	6
2 Ofbeldi í nánum samböndum	8
2.1 Líkamlegt ofbeldi	9
2.2 Andlegt ofbeldi	10
2.3 Fjárhagslegt ofbeldi	10
2.4 Kynferðisofbeldi.....	11
3 Þverfaglegt samstarf	12
3.1 Kenningar og líkön	13
3.1.1 Hlutverkakenningin.....	13
3.1.2 Líkan um þróunarstig teyma	14
3.1.3 Líkan um þverfaglegt samstarf.....	16
3.1.4 Samfélagsvinna	17
3.2 Rannsóknir á þverfaglegu samstarfi.....	19
4 Þverfagleg þjónusta fyrir þolendur ofbeldis.....	22
4.1 Family Justice Center	22
4.2 Rannsóknir á Family Justice Center	24
5 Bjarkarhlíð	27
5.1 Starfsemi og uppbygging Bjarkarhlíðar.....	28
5.2 Hlutverk félagsráðgjafa í Bjarkarhlíð	30
5.3 Umfang Bjarkarhlíðar.....	31
6 Umræður og lokaorð	33
Heimildaskrá	37

1 Inngangur

Ofbeldi hefur fylgt mannkyninu frá upphafi og á sér stað alls staðar í heiminum, hjá öllum kynþáttum, trúarbrögðum, aldurshópum og á öllum stigum þjóðfélagsins (McAllister og Lewis, 2010; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Skaðsemi ofbeldis getur verið varanleg og langvarandi áhrif þess geta verið mikil, allt frá persónulegum vanda þeirra sem verða beint fyrir því yfir í skaðleg áhrif á menningu og samfélagið í heild sinni (Bugeja, Dawson, McIntyre og Walsh, 2015). Ofbeldi í nánnum samböndum er eitt alvarlegasta form ofbeldis sem fyrir finnst og eitt mesta þjóðfélagsmein sem samfélög þurfa að glíma við. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) áætla að í kringum 13% allra morða í heiminum megi rekja til ofbeldis í nánnum samböndum og eru konur mun líklegri til þess að verða þolendur slíks ofbeldis en karlar (World Health Organization, 2013a). Með samþættu átaki stofnana, einstaklinga og samfélagsins er ofbeldi í nánnum samböndum mein sem hægt er að draga verulega úr og minnka þann skaða sem þolendur þess verða fyrir (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Það að stöðva ofbeldi í nánnum samböndum getur verið mjög flókið ferli og mikil þörf er á heildrænni nálgun með aðkomu margra fagaðila við úrlausn þeirra (Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir, 2015). Þverfaglegt samstarf í þessum málaflokki hefur hlotið mikinn hljómgrunn erlendis og hefur það teyggt anga sína hingað til lands með stofnun Bjarkarhlíðar. Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og vettvangur sem þolendur ofbeldis geta leitað til. Um er að ræða ofbeldi líkt og ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislegt ofbeldi eða brotáþolar mansals. Þverfaglegt samstarf er ríkjandi í Bjarkarhlíð og að því standa samtök og stofnanir sem hafa mikla reynslu af því að vinna með þolendum, eins og opinberar stofnanir og grasrótarsamtök (Þróstur Haraldsson, 2017). Slíkt þverfaglegt samstarf milli ólíkra stofnana hefur virkað vel erlendis og er notað meðal annars til að virkja samfélagið í baráttu gegn ofbeldi í nánnum samböndum (Erla Hlín Hjálmarsdóttir o.fl., 2015).

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða sérstaklega þverfaglegt samstarf í Bjarkarhlíð fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum. Lögð verður sérstök áhersla á fræðilega og gagnrýna umfjöllun um árangur slíks samstarfs. Höfundur ritgerðarinnar ákvað að fjalla fyrst og fremst um ofbeldi í nánnum samböndum.

Leitað verður svara við neðangreindum spurningum:

1. Hvert er hlutverk Bjarkarhlíðar fyrir þolendur ofbeldis?
2. Hvernig hafa úrræði sem byggjast á þverfaglegu samstarfi milli aðila líkt og Bjarkarhlíð reynst?
3. Hvernig hefur úrræðið Bjarkarhlíð reynst þolendum og hverjir sóttu helst þjónustu á árinu 2017?
4. Hvert er hlutverk félagsráðgjafa sem vinna með þolendum ofbeldis í Bjarkarhlíð?

Byrjað verður á að skilgreina og fjalla um hvað ofbeldi í nánum samböndum er og fjallað stuttlega um tegundir slíks ofbeldis. Þar á eftir verður fjallað um þverfaglegt samstarf, helstu kenningar sem liggja þar að baki og hver árangur af slíku samstarfi sé. Fjallað verður síðan um *Family Justice Center* sem er sérstakt úrræði sem byggir á þverfaglegu samstarfi. Fjallað verður svo sérstaklega um Bjarkarhlíð sem þverfaglegt úrræði fyrir þolendur ofbeldis. Skoðað verður hvernig þjónusta er í boði í Bjarkarhlíð, hvernig uppbygging úrræðisins er, ásamt því að fjalla sérstaklega um hlutverk félagsráðgjafa í Bjarkarhlíð. Að lokum verður fjallað um umfang þjónustunnar í Bjarkarhlíð sem byggir á tölfræði ársins 2017. Við gagnaöflun verður notast við ritrýndar fræðigreinar, rannsóknir, fræðibækur og skýrslur sem tengjast viðfangsefni ritgerðarinnar. Auk þess verður stuðst við heimildir sem fengnar voru munnlega frá starfsfólki Bjarkarhlíðar.

2 Ofbeldi í nánum samböndum

Flestir fá ákveðna mynd upp í hugann þegar fjallað er um ofbeldi eða ofbeldishegðun, og má segja að sú mynd feli oftast í sér beitingu líkamlegs valds eins einstaklings gegn öðrum. Skilgreining ofbeldis sem fræðilegs hugtaks er hins vegar flókin og fjölbreytt, og eru þar ekki allir sammála um hvað kallast ofbeldi og hvað ekki. Almenn skilgreining á ofbeldi er þegar líkamlegu eða andlegu ofbeldi er beitt gegn öðrum einstaklingi í því skyni að valda honum skaða á einhvern hátt (Ingólfur V. Gíslason 2008). Karlanefnd Jafnréttisráðs skilgreinir ofbeldi á þann veg að „sérhver beiting á valdi til að hindra aðra í að breyta, hugsa eða finna til eins og þeir kjósa sjálfir, og að þvinga aðra til að aðhafast eitthvað gegn vilja sínum“ (Garðar Gíslason, Hjördís Þorgeirsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 1995).

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) skilgreinir ofbeldi í nánum samböndum sem stjórnandi hegðun hjá núverandi eða fyrrverandi maka gegn núverandi eða fyrrverandi maka, sem veldur líkamlegum, andlegum, kynferðislegum eða fjárhagslegum skaða (World Health Organization, 2013b). Skilgreining má heimilisofbeldi sem „hvers kyns ógnandi hegðun, ofbeldi eða slæm meðferð á milli aðila sem eru í nánu sambandi eða hafa verið í nánu sambandi“ (Lokhmatkina o.fl., 2013). Eðli ofbeldis í nánu sambandi felur í sér stjórnunar- eða kúgunarferli með þeim árangri að reyna að fá hinn aðilann til að láta af vilja sínum (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Formi og aðdraganda ofbeldis í nánum samböndum má oft lýsa sem ákveðnum ofbeldishring. Spennan í sambandinu magnast upp og endar svo með sprengingu. Síðan fellur allt í dúnalogn og sambandið verður frábært aftur en síðan byrjar spennan aftur að byggjast upp og ferlið endurtekur sig (Samtök um kvennaathvarf, e.d.-a). Hugtökin heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum eru mjög lík, og má í raun segja að ofbeldi í nánu sambandi sé ákveðin tegund af heimilisofbeldi. Bæði hugtökin falla undir það sama og um er að ræða ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers sem er honum nákominn, tengdur eða skildur (Samtök um kvennaathvarf, e.d.-a). Í þessari ritgerð verður ekki gerður greinarmunur á þessum tveimur hugtökum.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að ákveðnir hópar eigi frekar í hættu en aðrir á því að verða fyrir ofbeldi í nánu sambandi. Má þar nefna að konur eru í mun meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi í nánu sambandi en karlar. Niðurstöður íslenskra rannsókna sýna að

tvær af hverjum tíu konum segjast hafa verið beittar ofbeldi í nánú sambandi frá 16 ára aldri (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Þetta á helst við um konur sem standa illa efnahagslega og félagslega, konur sem eiga við einhvers konar heilsufarsvandamál eða fötlun að stríða og erlendar konur (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) áætla að einn þriðji kvenna í heiminum sem hafa verið í sambandi hafi orðið fyrir einhvers konar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu karls (World Health Organization, 2013b).

Ofbeldi í nánú samböndum hefur verið vinsælt rannsóknarefni síðastliðna áratugi sem hefur leitt til víðtækari skilnings á birtingarmyndum þess, sem hefur leitt í ljós að birtingarmyndir ofbeldis í nánú samböndum eru fjölmargar (Lagdon, Armour og Stringer, 2014). Ofbeldi í nánú samböndum getur verið bæði sýnilegt og ósýnilegt en helstu birtingarmyndir ofbeldis eru líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og fjárhagslegt ofbeldi (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

2.1 Líkamlegt ofbeldi

Algengt er að margir hugsi um líkamlegt ofbeldi þegar nefnt er hugtakið ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi er þó einungis ein af mörgum birtingarmyndum ofbeldis, þó líkamlegt ofbeldi sé stór hluti þess og oftast sá alvarlegasti (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Skilgreiningin á líkamlegu ofbeldi er þegar einstaklingur beitir viljandi líkamlegu afli eða valdi til að reyna að meiða annan einstakling. Líkamlegt ofbeldi getur jafnframt verið þegar einstaklingur takmarkar aðgang annars að nauðsynjum eins og að fatnaði, mat, hvíld eða skjóli (Owusu Adjah og Agbermafle, 2016). Áverkar af líkamlegu ofbeldi eru oftast á þeim stöðum sem ekki er auðvelt að sjá, eins og á brjóstum eða á kviðarholi. Hins vegar er dæmi um það að gerandinn vilji að ávarkarnir sjáist til að þolandinn fari síður út af heimilinu (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Dæmi um líkamlegt ofbeldi getur verið að einstaklingur sé sleginn, hristur, kýldur, sparkað í hann, bitinn, hann sé brenndur, rasskelltur, bundinn, stunginn, sveltur eða kæfður. Einnig þegar heitu vatni er hellt yfir hann, notað hluti til að berja hann með, hent allskonar hlutum í einstaklinginn eða hann jafnvel drepinn (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Algengast er að gerandi ofbeldis reiði fram högg með krepptum hnefa eða sparki í þolanda (Samtök um kvennaathvarf, 2003).

Líkamlegt ofbeldi í nánum samböndum á sér oft undanfara sem byrjar með árásargjörnum og niðurlægjandi tón sem virðist fara í vítahring með þeim afleiðingum að samskiptin verða neikvæð. Neikvæðu samskiptin magnast svo upp þar til annar makinn fer að beita hinn líkamlegu ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi og andlegt ofbeldi eiga sér því oft stað í samfellu í þessum aðstæðum þar sem andlegt ofbeldi er oft undanfari eða eftirfari líkamlegs ofbeldis (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

2.2 Andlegt ofbeldi

Andlegt ofbeldi er ákveðið form stjórnunar sem felur oft í sér niðurlægjandi orðanotkun til að ná stjórn á eða völdum yfir einstaklingnum. Ekki er hér verið að tala um þessi almennu rifrildi þar sem báðir aðilar, eða annar þeirra, koma með athugasemdir sem eru særandi eða niðurlægjandi fyrir hinn aðilann. Um er að ræða hegðun sem er einungis eða að stærstum hluta einhliða sem leiðir til stjórnunar geranda yfir þolanda (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Andlegt ofbeldi er oft mjög lúmskt og falið vandamál. Því er algennt að það sé erfitt að koma auga á það. Oftast á andlegt ofbeldi sér stað þegar enginn heyrir eða sér til og eru afleiðingar þess ekki eins sýnilegar og afleiðingar líkamlegs ofbeldis. Ein alvarleg afleiðing andlegs ofbeldis getur verið brotin sjálfsmynd. Karlmaður nýtir sér oft þessa brotnu sjálfsmynd til að geta stjórnað konunni (Samtök um kvennaathvarf, e.d.-a).

Dæmi um andlegt ofbeldi er að einstaklingur beitir niðurlægjandi athugasemdum, ógnunum eða hótunum, hefur sífellt eftirlit með maka, kemur með ásakanir um geðveiki eða er með þvinganir til ákveðinna athafna. Jafnframt einangrar gerandinn maka frá öllu, er alltaf með gagnrýni, ber ekki virðingu fyrir maka sínum, öskrar eða hrópar, er með mjög mikla afbrýðissemi og afneitun á ofbeldi (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

2.3 Fjárhagslegt ofbeldi

Oft hefur fjárhagslegt ofbeldi verið talið hluti af andlegu ofbeldi. Með fjárhagslegu ofbeldi er átt við efnahagslega stjórnun eða þvingun (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Fjárhagslegt ofbeldi er leið geranda til að stjórna maka í gegnum fjárhag. Afleiðingar af fjárhagslegu ofbeldi geta verið að þolandi einangrast, missir sjálfstæði sitt og jafnvel

finnst honum hann vera fjárhagslega háður maka sínum (Samtökum kvennaathvarf, e.d.). Dæmi um fjárhagslegt ofbeldi getur verið að einstaklingi sé bannað að afla sér tekna, honum neitað um peninga eða peningar skammtaðir. Einstaklingur þarf að koma með skýringu á hverjum eyddum peningi, reikningar eru ekki greiddir og jafnvel er komið í veg fyrir þann möguleika að þolandi mennti sig eða fari út á vinnumarkaðinn (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

2.4 Kynferðisofbeldi

Kynlíf er eðlilegt fyrirbæri milli fullorðinna aðila í nánum samböndum. Birtingarmyndir kynlífs hafa breyst mikið í gegnum áratugina og á það sérstaklega við um kynlíf milli aðila sem eru í nánu sambandi. Hér áður fyrr var talið eðlilegt að ekki væri þörf á samþykki milli giftra aðila í kynferðislegum athöfnum og töldu margir karlar það vera sjálfsagðan rétt sinn að stunda kynlíf með konu sinni óháð vilja hennar (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Kynferðislegt ofbeldi er athöfn sem er án samþykkis annars aðilans og fengin er fram með því að beita valdi. Þetta getur einnig falið í sér tilraun til kynferðislegra athafna og óæskilegra kynferðislegra athugasemda (World Health Organization, 2013b). Einnig getur kynferðislegt ofbeldi talist vera þegar einstaklingur er meðvitaður um að hafa einhvers konar smitandi kynsjúkdóm og lætur annan aðila taka þátt í kynferðislegum athöfnum án þess að vera búinn að upplýsa viðkomandi um sjúkdóminn (Owusu Adjah og Agbemafle, 2016). Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis geta verið margvíslegar en oft upplifa þolendur ótta, kvíða, reiði, þunglyndi og jafnvel að þeir séu búnir að missa stjórn á eigin lífi (Samtök um kvennaathvarf, e.d.-a).

Dæmi um kynferðislegt ofbeldi er þegar einstaklingur þvingar viðkomandi til kynlífs, er með kynferðislegar svívirðingar, neitar um öruggt kynlíf, þvingar aðila í vændi, til að horfa á klám eða til að taka þátt í klámframleiðslu (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

3 Þverfaglegt samstarf

Þverfaglegt samstarf felur í sér að mismunandi fagaðilar starfa saman að sameiginlegu markmiði. Talað er um þverfaglegt samstarf þegar fleiri en ein fagstétt ákveða að vinna í sameiningu að ákveðinni þjónustu. Fagstéttirnar gegna ákveðnu hlutverki og leggja til sína reynslu og þekkingu í starfið. Í slíku samstarfi miðla mismunandi fagaðilar sinni sérþekkingu með það að markmiði að komast að samkomulagi um hvað sé best að gera hverju sinni (Payne, 2000; Powell, 2005). Berg-Weger og Schneider (1998) skilgreina þverfaglegt samstarf í félagsráðgjöf sem ferli þar sem meðlimir í ólíkum greinum vinna saman til að ná fram sameiginlegu markmiði. Bronstein (2003) vildi setja skilgreiningu Berg-Weger og Schneider (1998) í víðara samhengi. Hún skilgreinir þverfaglegt samstarf félagsráðgjafa sem skilvirkt ferli sem auðveldar árangur til að ná fram markmiðum sem erfitt er að ná fram án samstarfs milli aðila.

Samstarf mismunandi starfsstétta hefur verið til í langan tíma en slíkt samstarf hefur orðið algengara meðal sérfræðinga um allan heim á síðastliðnum áratugum (Bronstein, Mizrahi, Korazim - Korösy og McPhee, 2010). Það verður sífellt algengara að opinberar stofnanir og félagasamtök vinni saman að því að veita skjólstæðingum sínum betri þjónustu. Slíkt samstarf gagnast flestum en þá sérstaklega einstaklingum sem eru í viðkvæmri stöðu. Þolendur ofbeldis í nánú sambandi teljast til þeirra einstaklinga og þurfa þeir oft aðstoð margra fagstétta til að vinna úr þeim skaða sem þeir hafa hlotið. Sem dæmi þurfa þolendur oftast aðstoð frá lögreglu, félagsþjónustu og félagsráðgjöfum. Með því að samræma þjónustu fyrir þolendur ofbeldis í nánú samböndum stuðlar það að betri faglegri þjónustu. Í stað þess að viðkomandi þurfi að leita sér sjálfur að þessari þjónustu á mismunandi stöðum er þjónustan færð til hans, sem ber árangur til hins betra (Miller og Ahmad, 2000; Pennington-Zoellner, 2009).

Með aukinni sérþekkingu og sérfræðiþjónustu hefur fólk orðið meira vakandi um sérstöðu sína. Með því að vera meira meðvituð um sína sérstöðu hafa fagaðilar náð að beita henni með öðru fagfólki á samstilltan máta sem hefur orðið til þess að ólíkar starfsstéttir eru farnar að vinna betur saman en áður (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Í þverfaglegu samstarfi er mikilvægt að fagaðilar upplifi að þeir tilheyri hópnum og að jafnræði ríki innan hans. Þetta er oft erfitt þar sem meðlimir stofnana geta verið með misvægilegt vald innan hópsins. Valdamismunurinn getur stafað af því frá hvaða stofnun

einstaklingurinn kemur, hver staða hans innan stofnunarinnar er og hver persónuleikinn er hjá honum. Ef valdamunur verður í þverfaglegu samstarfi, eða ef fagaðilar telja að ekki sé hlustað á þá, getur það leitt til þess að árangur starfsins verði ekki eins góður. Þá er hætt á að samstarfið muni ekki skila niðurstöðu um hvaða ákvörðun muni skila bestum árangri (Powell, 2005). Lykilatriði til að ná sem bestum árangri í þverfaglegu samstarfi er að fagstéttirnar myndi sínar eigin sérþekkingu og hafi gott sjálfsöryggi til að leggja hana fram í starfi sínu (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

3.1 Kenningar og líkön

Í þessum kafla verður farið yfir helstu kenningar um þverfaglegt samstarf. Markmið undirkaflanna er að gefa lesanda innsýn í fræðin á bak við þverfaglegt samstarf og hvernig fagfólk eigi að starfa innan þess til að ná sem mestum árangri. Fjallað verður um hlutverkakenninguna, líkan um þróunarstig teyma, líkan um þverfaglegt samstarf og samfélagsvinnu.

3.1.1 Hlutverkakenningin

Fræðimaðurinn Dr. Meredith Belbin gerði rannsókn á teymisvinnu sem mældi virkni teyma og árangur þeirra. Rannsóknin fór fram í byrjun 9. áratugar síðustu aldar og stóð yfir í níu ár. Stofnuð voru 120 teymi þar sem í hverju teymi voru um það bil sex einstaklingar. Út frá rannsókn Belbin varð til kenning sem kallast hlutverkakenning Belbins (e. Belbin team roles). Í kenningunni er hlutverkum skipt niður í níu þætti sem hvert og eitt byggir á niðurstöðum rannsóknarinnar. Belbin vill meina að teymi sé samansafn af ákveðnum meðlimum þar sem hver og einn hafi sínu hlutverki að gegna. Hver og einn meðlimur fari með tiltekið hlutverk í hópnum og hegði sér út frá því. Þau níu hlutverk sem Belbin skilgreindi má skipta niður í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn fjallar um stjórnunarhlutverk, annar hlutinn um hugmyndasmiði sá þriðji um framkvæmdarhlutverk og í fjórða hlutanum er fjallað um tilfinningahlutverk (Belbin, 1981; 1993).

Þeir aðilar sem fara með stjórnunarhlutverkið eru annars vegar formaðurinn (e. chairman) og hins vegar mótandinn (e. shaper). Formaðurinn er fullur af sjálfsöryggi, tekur ákvarðanir og leiðir teymið áfram. Hann á það til að stjórna of mikið og vera

ósveigjanlegur í hlutverkinu. Mótandinn er sá sem drífur teymið áfram. Hann er mjög krefjandi en á það til að vera ópolinmóður og jafnvel ögrandi í hópnum (Belbin, 1981).

Í hugsunarhlutverkinu eru aðilar sem kallast peran (e. plant) og greinandinn (e. monitor-evaluator). Peran hefur þá kosti að vera skapandi, hugmyndaþrik, góð í að leysa úr erfiðum málum og hugsar út fyrir kassann. Hins vegar getur peran átt í erfiðleikum með að gagnrýna hugsun og á í hættu á að hundska aðra meðlimi hópsins. Greinandinn hugsar rökrétt, hefur góða dómgreind og er mjög góður í að leysa erfið vandamál. Hann metur alla þá möguleika sem í boði eru til að leysa mál og tekur upplýsta ákvörðun. Hins vegar á greinandinn í hættu á að vera of gagnrýninn í hópastarfi, vantar drifkraft og hvatningu fyrir sjálfan sig og aðra (Belbin, 1981).

Í tilfinningahlutverkinu er liðsmaðurinn (e. team-worker) og tengiliðurinn (e. resource investigator). Liðsmaðurinn er stuðningsaðili innan hópsins, hann er mjög samvinnufús og býr til jákvæðan liðsanda. Hins vegar á hann erfitt með að sætta sig við árekstra og forðast togstreitu innan hópsins. Tengiliðurinn er mjög ástríðufullur og er góður í samskiptum. Hann á þó í hættu á að missa fljótlega áhugann og á það til að vera of bjartsýnn (Belbin, 1981).

Þeir sem sinna framkvæmdarhlutverkinu eru framkvæmdarmaðurinn (e. implementer) og frágangsmáðurinn (e. completer). Framkvæmdarmaðurinn er áreiðanlegur, skipulagður, hagsýnn og skilvirkur í starfi sínu. Hins vegar á hann það til að vera ósveigjanlegur og á erfitt með að aðlagast nýjungum. Frágangsmáðurinn hefur þá kosti að vera samviskusamur og vandvirkur þegar ljúka þarf verkefninu. Hann getur hins vegar verið mjög kröfuharður og á í hættu á að vera með óþarfa áhyggjur. Belbin kom svo fram með níunda hlutverkið aðeins seinna en hin. Það hlutverk var nefnt sérfræðingurinn (e. specialist). Sérfræðingurinn aflar sér sérfræðipækningar og miðlar sérfræðingu sinni til annarra, sem nýtist vel innan teymisvinnunar. Hins vegar á hann það til að vera þröngsýnn og einblínnir á smáatriðin (Belbin, 1981).

3.1.2 Líkan um þróunarstig teyma

Sálfræðingurinn Bruce Tuckman (1965) kom fram með líkan um þróunarstig teyma (e. stages of team development). Líkanið varð til eftir að Tuckman greindi 55 greinar og rannsóknir um teymisvinnu, umhverfi hennar og uppbyggingu. Út frá þeim rannsóknum

greindi hann þróunarstig teyma í fimm stig. Stigin greina frá því hvernig teymi þróast, frá því að þau eru sett saman þar til teymisvinnu lýkur.

Fyrsta stigið er mótunarstig (e. forming) en þá eru allir meðlimir teymisins að kynnst og hlutverk og verklag ennþá óskýrt. Meðlimir prófa sig áfram með eitt og annað innan teymisins og komast þannig að því hver markmið teymisins séu í raun og veru (Tuckman, 1965; Tuckman og Jensen, 1977).

Annað stigið er óreiðustig (e. storming). Það skapast viss óreiða og spenna innan hópsins og meðlimir fara gjarnan að rífast um hver eigi að gera hvað í starfinu. Mikilvægt er að teymi stoppi ekki mjög lengi á þessu stigi þar sem hætta er á að teymisvinnan stoppi hér ef ekki næst samkomulag. Erfitt getur verið að koma teymisvinnunni aftur af stað ef hópavinnan stöðvast á þessu stigi. Ef ekki nást sáttir um starfið getur verið gott að fá utanaðkomandi aðstoð til að kanna hvað þurfi að gera svo teymið geti komist á næsta stig (Tuckman, 1965; Tuckman og Jensen, 1977).

Þriðja stigið er sáttastig (e. norming). Samvinna verður ríkjandi á þessu stigi ferlisins. Vinnuaðferðir fara að mótast og hlutverk verða skýrari. Meðlimir taka teymið í sátt og fara að hvetja og styðja hver annan innan teymisins. Auðveldara verður að tjá sínar skoðanir og meðlimir verða opnari fyrir mismunandi viðhorfum heldur en í hinum stigunum á undan (Tuckman, 1965; Tuckman og Jensen, 1977).

Fjórdða stigið er árangursstig (e. performing) en á því stigi gengur samstarfið ennþá betur en á sáttastiginu. Virkni er ríkjandi á þessu stigi og eru meðlimir farnir að treysta og mynda persónuleg tengsl sín á milli. Á þessu stigi er ekki vandamálið lengur að skipuleggja hlutverk milli aðila eins og áður, heldur er farið strax í það að leysa verkið eins fljótt og örugglega (Tuckman, 1965; Tuckman og Jensen, 1977).

Fimmta stigið er aðskilnaðarstig (e. adjourning) en þá fara aðilar í teyminu að hafa áhyggjur af því að þurfa að skilja við hópinn þar sem teymisvinnunni er að ljúka. Meðlimir líta til baka yfir alla teymisvinnuna og upplifa gjarnan söknunartilfinningu og sorg. Þá er mikilvægt að fólkið í teymisvinnunni meti þann árangur sem varð af teymisvinnunni og nái að fagna því sem tókst vel í starfinu (Tuckman, 1965; Tuckman og Jensen, 1977).

Teymi þurfa ekki að fara yfir öll þessi skref og ekki í þeirri röð sem hér segir. Hægt er að festast á einhverju ákveðnu stigi, fara fram og til baka milli stiga eða jafnvel sleppa stigum. Sem dæmi getur teymi færst aftur á mótunarstigið ef nýr meðlimur kemur inn (Tuckman, 1965; Tuckman og Jensen, 1977).

3.1.3 Líkan um þverfaglegt samstarf

Líkanið um þverfaglegt samstarf (e. model for interdisciplinary collaboration) milli félagsráðgjafa og annarra fagstétta kom frá félagsráðgjafanum Laura Bronstein. Hún vildi meina að það væri ekki til nein ákveðin leið til að kanna hver áhrifin af þverfaglegu samstarfi væru, þar sem það væri svo erfitt að mæla samstarf á milli aðila og ákveða umfang af slíku starfi. Við vinnslu á líkaninu hafði Bronstein til hliðsjónar þekkingu, vinnulag og rannsóknir félagsráðgjafa og skilgreindi þverfaglegt samstarf sem betri og auðveldari lausn sem væri til þess að ná því markmiði sem þarf við úrlausn mála (Bronstein, 2002; 2003).

Bronstein setti líkanið upp í tvo hluta. Fyrri hluti líkansins nær til fimm lykilatriða sem nauðsynlegt er að hafa í þverfaglegu samstarfi. Fyrsta atriðið snýr að því að fagaðilar sem vinna saman þurfa að vera háðir hvor öðrum svo samstarfið gangi upp. Lykilatriði er að samskipti séu góð og skilningur á hlutverki hvers og eins er nauðsynlegur (Bronstein, 2002). Annað atriðið fjallar um hversu mikilvægt það er að allt það fagfólk sem kemur að samstarfinu taki jafn virkan þátt og sníði vinnu sína eftir þörfum hópsins. Í samvinnu þarf gott skipulag og áætlun að vera til staðar til þess að ná betri og meiri árangri en í einstaklingsvinnu. Lykilmarkmið samvinnu er að byggja upp aukna þjónustu en til þess að það takist þarf að nýta sérþekkingu hvorrar fagstéttar í þverfaglegu samstarfi (Bronstein, 2003).

Þriðja atriðið snýr að sveigjanleika og mikilvægi þess að hann sé til staðar milli samstarfsaðila. Sveigjanleiki er nauðsynlegur til þess að hægt sé að skiptast á skoðunum og fara inn á starfssvið hjá hverri og einni stofnun til þess að fá betri yfirsýn, jafnframt til þess að aðlagast breytingum og virða óskir og skoðanir hvers og eins. Með því að stuðla að sveigjanleika auðveldast vinnan að sameiginlegu markmiði milli aðila og nýjar hugmyndir geta átt sér stað í samstarfinu.

Fjórða atriðið snýr að sameiginlegri ábyrgð milli aðila í samstarfinu. Sameiginleg ábyrgð er þegar allir aðilar bera ábyrgð á nýsköpun, skilgreiningu og þróun markmiða samstarfsins (Bronstein, 2002). Þetta felur í sér að hver og einn fagaðili ber ábyrgð á sínum hlut í verkferlinu, hvort sem það gengur vel eða ekki. Fagaðilar mynda sér í sameiningu raunhæf markmið, sameiginlega sýn og byggja ákvarðanir á þekkingargrunni mismunandi fagstétta og miðla jafnframt málum sín á milli. Þetta gerir það að verkum að aukinn vilji allra fagaðila styður verkefnið frá upphafi til enda og jafnframt eykur það líkurnar á að samvinna takist vel. Fimmta og síðasta atriðið er að endurgjöf hópsins þarf að vera til staðar. Endurgjöf felur í sér að aðilarnir líta til baka yfir verkferlið og skoða það í heild sinni, ásamt því að útkoma verkefnisins er metin út frá ólíkum þáttum og sjónarhornum. Fagfólk ræðir sín á milli um samstarfið og gerir athugasemdir um hvernig styrkja megi samskiptin til að auka áhrifamátt samstarfsins (Bronstein, 2002; 2003).

Seinni hluti líkansins einkennir þá mikilvægu áhrifaþætti sem koma fram í þverfaglegum samstörfum og greindi Bronstein þá niður í fjögur atriði. Fyrsta atriðið snýr að mikilvægi þess að fara eftir siðareglum hvernar fagstéttar til þess að viðhalda faglegu starfi í samstarfinu. Annað atriðið fjallar um hversu nauðsynlegt það er að meðlimir samstarfsins finni fyrir ríkum stuðningi frá stofnendum samstarfsins. Mikilvægt er að meðlimir öðlist sjálfstæði, tíma og rými til að sinna starfi sínu eftir bestu getu. Þriðja atriðið snýr að mikilvægi persónulegra eiginleika hvers og eins meðlims samstarfsins. Persónulegir eiginleikar hvers og eins geta skipt sköpum fyrir góð mannleg samskipti milli meðlima í samstarfinu, ásamt því að stuðla að virðingu milli samstarfsaðila (Bronstein, 2002; 2003). Fjórða og síðasta atriðið fjallar um mikilvægi þess að fara yfir fengna reynslu af samstarfinu. Samstarfsaðilar fara þá yfir reynsluna af samstarfinu með sérstöku tilliti til þess hvernig samvinnan gekk, hver afreksturinn var og hvernig er hægt að gera betur í því næsta (Bronstein, 2002).

3.1.4 Samfélagsvinna

Samfélagsvinna (e. community work) byggir á þverfræðilegu kenningarsjónarhorni og er meginmarkmið slíkra kenninga að leysa úr vandamálum sem koma upp í samfélaginu. Kenningar um samfélagsvinnu byggjast upp á því að aðstoða fólk við að bæta samfélagið þar sem teknar eru sameiginlegar ákvarðanir um ýmis samfélagsleg málefni. Allir hafa

jafna möguleika á að vera virkir þátttakendur og fá þannig tækifæri á að bæta samfélagið af eigin frumkvæði. Með því að sýna eigið frumkvæði til samfélagsins getur einstaklingurinn haft áhrif á aðstæður sínar og samfélagið í heild (Larsen, Sewpaul og Hole, 2014; Twelvetrees, 2008).

Ein af meginstoðum samfélagsvinnu er stofnanavinna (e. community organization) en hún er tengd við aðferðina sem kallast „frá toppi og niður“ (e. top down). Með þessu er átt við að frumkvæði aðgerða komi frá stofnunum eða stjórnvöldum en innleiðing þeirra sé oftast en ekki í höndum samfélagsþegna, þó aðgerðirnar séu einnig oft framkvæmdar af stofnunum sjálfum. Stofnanavinna hefur það að markmiði að bæta samvinnu á milli stofnana í þeim tilgangi að bæta þjónustuna við almenning (Larsen o.fl., 2014; Popple, 1995).

Popple (1995) skipti kenningum í samfélagsvinnu í fjóra hluta: Margræðiskenningar (e. pluralist theories), átaka- og sósíalískar kenningar (e. radical and socialist theories), feminískar kenningar (e. feminist theories) og kenningar svartra og þeirra sem berjast gegn kynþáttahatri (e. the black and antiracist critique). Af þessum kenningum eru margræðiskenningar þær einu sem falla undir stofnanavinnu og því verður einungis farið yfir þær hér (Larsen o.fl., 2014; Popple, 1995).

Margræðiskenningar í samfélagsvinnu voru fyrst settar fram eftir sjötta áratug 20. aldar. Kenningarnar fela í sér að enginn einn ákveðinn hópur hefur völdin, heldur hafa margir hópar völd í samfélaginu. Völdin eru dreifð milli mismunandi hópa með lýðræðislegri málamiðlun. Samkvæmt þessu hafa allir sama möguleikann til að hafa áhrif innan samfélagsins. Margræðiskenningar fjalla um samfélagsvinnu sem hvetja einstaklinga til þátttöku og virkni í stjórnámálum og stjórnun. Þetta er gert til að reyna að bæta þjónustu og skilvirkni hennar (Popple, 1995).

Samfélagsvinna er oft notuð fyrir þá hópa sem minna mega sín í samfélaginu, þar sem hún er kennd við umbótun á félagslegum vandamálum. Hlutverk samfélagsvinnunnar er að aðstoða þessa hópa við að greiða úr alls konar vandamálum og erfiðleikum sem eru að hamla þeim í samfélaginu (Popple, 1995).

3.2 Rannsóknir á þverfaglegu samstarfi

Þegar þverfaglegt samstarf snýr að því að veita ákveðna þjónustu fyrir notendur sýna niðurstöður flestra rannsókna árangur og ávinning af slíku samstarfi. Einn helsti ávinningur af slíku samstarfi er að stuðla að bættri þjónustu fyrir notendur (Miller og Ahmad, 2000). Margar hverjar af þessum rannsóknum mæla samstarfið og samvinnu milli ólíkra fagaðila sem leiðir oft til þess að þverfaglegt samstarf sé nauðsynlegt. Einnig hafa rannsóknir sýnt það að stofnanir sem hafa tekið upp þverfaglegt samstarf til að bæta þjónustu, gæði og öryggi hennar eru árangursríkari en áður. Með því að blanda ólíkum fagstéttum og sérsviðum þeirra saman stuðlar það að því að þjónustan verði fjölbreyttari og út fyrir rammann, sem gerir það að verkum að fagaðilar koma auga á vandamál og lausnir fyrir en ella (Brewster, Brault, Tan, Curry og Bradley, 2017; Clements, Dault og Priest, 2007; Karam, Brault, Van Durme og Macq, 2018; Miller og Ahmad, 2000; Petri, 2010).

Þverfaglegt samstarf í heimilisofbeldismálum er frekar nýtt hér á landi og þar af leiðandi er ekki mikið til af rannsóknum sem hafa skoðað árangur þeirra. Tilraunaverkefni „Að halda glugganum opnum“ og „Saman gegn ofbeldi“ hafa verið sett af stað af félagsþjónustunni og lögreglunni um átak gegn heimilisofbeldi. Bæði samstarfsverkefni snúast um nýjar verklagsreglur lögreglu og félagsþjónustunnar þegar um er að ræða heimilisofbeldismál. Þá fer alltaf starfsmaður velferðarsviðs með í útköll lögreglunnar þegar um er að ræða börn í heimilisofbeldismálum. Starfsmaður velferðarþjónustunnar getur verið annað hvort eða bæði starfsmaður félagsþjónustunnar eða barnaverndar. Þegar ekkert barn er inn á heimilinu er boðið upp á aðstoð félagsþjónustunnar þegar lögregla mætir í útkall á heimilið.

Markmið þessa samstarfs er að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma með það í huga að tryggja öryggi íbúa innan heimilisins. Þjónusta við þolendur er bætt með því að veita þeim aðstoð á þverfaglegum grundvelli. Að sama skapi er eftir tilfellum reynt að aðstoða gerendur með því að hvetja þá til að leita sér aðstoðar í formi ráðgjafar. Með þessu þverfaglega samstarfi er því verið að stuðla að betra og skilvirkara verklagi sem hefur það að markmiði að stöðva ofbeldi inni á heimilinu og tryggja öryggi þolenda (Erla Hlín Hjálmarsdóttir o.fl., 2015).

Tilraunaverkefnið „Að halda glugganum opnum“ var sett af stað þann 1. febrúar 2013. Verkefnið var samstarfsverkefni til eins árs milli Reykjanesbæjar og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Þrátt fyrir að tilraunaverkefninu hafi lokið við janúarlok 2014 var ákveðið að halda samstarfinu áfram og fylgja því verklagi sem hafði mótast á tilraunaárinu (Erla Hlín Hjálmarsdóttir o.fl., 2015; Helga Rósa Atladóttir, 2015; Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, 2014).

Helga Rósa Atladóttir (2015) gerði rannsókn í lokaverkefni sínu til MA-prófs um reynslu starfsmanna félagsþjónustu af samstarfi við lögreglu um heimilisofbeldi á Suðurnesjum í tengslum við tilraunaverkefnið „Að halda glugganum opnum“. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að almennt voru starfsmenn félagsþjónustunnar á Suðurnesjum mjög ánægðir með samstarfsverkefnið. Starfsfólkið taldi að verkefnið væri gott inngríp á ofbeldismálum og gæfi skýr skilaboð út í samfélagið að ofbeldi eigi aldrei rétt á sér. Ásamt því taldi starfsfólkið að tengsl og upplýsingagjöf milli stofnana væru betri með samstarfinu. Viðmælendur töldu að mikilvægt væri að hver og einn samstarfsaðili þekkti hlutverk sitt og kynni að lesa í mismunandi aðstæður til þess að byggja upp árangursríkt samstarf.

Tilraunaverkefnið „Saman gegn ofbeldi“ var sett af stað þann 12. janúar 2015 en það byggðist á samstarfsverkefninu á Suðurnesjunum „Að halda glugganum opnum“. Samstarfsverkefnið „Saman gegn ofbeldi“ stóð yfir í eitt ár á milli Reykjavíkurborgar og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu en auk þess var heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu og Kvennaathvarfið með í samstarfinu. Tilraunaverkefnið kláraðist í janúar 2016 en haldið var áfram með samstarfið og fylgt áfram þeim verklagsreglum sem mótast höfðu á tilraunaárinu (Erla Hlín Hjálmarsdóttir o.fl., 2015).

Áfangamat var gert á tilraunaverkefninu „Saman gegn ofbeldi“ fyrir Reykjavíkurborg og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og var skýrsla unnin úr því af RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum. Matsteymi sá um gerð matsins og voru þær sem höfðu umsjón með því þær Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir (2015). Þær tóku saman upplýsingar frá stofnunum, tóku saman viðtöl og gerðu viðhorfskönnun við lykilstarfsmenn félagsþjónustunnar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Spurðu þær meðal annars um þær nýju verklagsreglur sem voru teknar í notkun þegar kom að útköllum lögreglunnar. Auk þess var spurt hvernig samstarfið hefði gengið og árangur þess.

Niðurstöður skýrslunnar leiddu í ljós að almennt voru viðmælendur mjög ánægðir með samstarfið og nýju verklagsreglurnar. Bæði starfsmenn lögreglunnar og félagsþjónustunnar voru sammála um að með verkefninu væru þau að koma með inngríp sem gæfi skýr skilaboð um að ofbeldi sé ekki samþykkt af samfélaginu. Einnig kom fram í niðurstöðum að það yrði mikil afturför í þjónustu við þolendur ef verkefnið og samstarf milli lögreglu og félagsþjónustunnar myndi taka enda (Erla Hlín Hjálmarsdóttir o.fl., 2015).

4 Þverfagleg þjónusta fyrir þolendur ofbeldis

Í þessum kafla verður líkanið *Family Justice Center* (FJC) skoðað sérstaklega og rannsóknir sem hafa verið gerðar á líkaninu. FJC eða *one-stop-shop* leiðin er líkan sem var í upphafi gert með það í huga að aðstoða þolendur heimilisofbeldis með þverfaglegri þjónustu. Tilgangurinn með líkaninu var að veita samhæfða þjónustu á einum stað, þjónustuþegum að kostnaðarlausu (Pröstur Haraldsson, 2017).

4.1 Family Justice Center

Hugmyndafræði líkansins *Family Justice Center* (FJC) nær allt til ársins 1989. Hugmyndin kom fyrst frá talsmönnum þolenda heimilisofbeldis og frá sérfræðingum í löggæslu í San Diego í Bandaríkjunum. Sama ár var lögð tillaga um FJC líkanið af borgarfulltrúanum og lögfræðingnum Casey Gwinn. Markmið hugmyndarinnar var að gera samþætta þjónustu fyrir þolendur heimilisofbeldis í San Diego (Simmons, Howell, Duke og Beck, 2016; Family Justice Center Alliance, e.d.).

Mjög erfitt getur verið að stöðva ofbeldi í nánum samböndum þar sem ofbeldið er oft dulið og viðkvæmt fyrir langflesta þolendur. Gwinn taldi því mikilvægt að búa til þægilegt umhverfi fyrir þolendur sem eru mögulega að stíga sín fyrstu skref í að upplýsa um ofbeldið sem þeir hafa orðið fyrir. Hefðbundin leið fyrir þolendur til að leita sér aðstoðar felst í því að þeir þurfa að fara á marga staði til að útvega sér þjónustu. Þeir þurfa meðal annars oftast að leita til lögreglu til að ofbeldið sé skráð í lögregluskýrslum og fá ráðgjöf eða aðra félagslega þjónustu frá sálfræðingum eða félagsráðgjöfum.

Kjarnahugmynd FJC var því að stofna miðstöð fyrir þolendur heimilisofbeldis þar sem auðveldara væri fyrir þolendur að leita sér aðstoðar með því að fara einungis á einn stað. Í raun snerist hugmyndafræðin um að koma með þjónustuna til þolandans frekar en að hann þyrfti að leita hana uppi sjálfur á mismunandi stöðum. Umhverfið yrði á þann hátt þægilegra fyrir þolendur og ekki eins fráhrindandi. Þrátt fyrir góða hugmyndafræði fékk Gwinn þó aldrei formlegt svar við tillögu sinni það árið (Family Justice Center Alliance, e.d.; Simmons o.fl., 2016; Townsend, Hunt og Rhodes, 2005).

Árið 1990 héldu Gwinn og aðrir starfsmenn borgarfulltrúa áfram með hugmyndina um FJC. Á níunda áratugnum komu fleiri stofnanir að því að þróa hugmyndina og var unnið hörðum höndum að mótun hennar. Samstarf og áætlanagerð hófst síðan árið

1998. Árið 2001 samþykkti borgin loks tillögur um FJC (Family Justice Center Alliance, e.d.). Fyrsta miðstöðin af líkaninu FJC var síðan stofnuð árið 2002 í San Diego í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir að hafa tekið yfir áratug að fá nægan stuðning frá samfélaginu og stjórnarmönnum um að stofna miðstöð FJS tókst það og í dag starfa fjölbreyttar fagstéttir saman í FJC í San Diego. Þar má nefna félagsráðgjafa, málstjóra (e. case manager) og aðra ráðgjafa (Family Justice Center Alliance, e.d.; Simmons o.fl., 2016).

Eftir stofnun fyrstu miðstöðvarinnar í San Diego var velgengni FJC mikil á þessum tíma og fékk það meðal annars viðurkenningu frá forseta Bandaríkjanna fyrir að vera besta úrræðið fyrir þolendur heimilisofbeldis. Þáverandi forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, var svo ánægður með starfseminu í San Diego að í október 2003 veitti dómsmálaráðuneytið stofnunni rúmlega 20 milljónir Bandaríkjadala í styrk. Styrkurinn var til að koma á fót 15 nýjum miðstöðvum víðsvegar um Bandaríkin sem byggðust á San Diego FJC módelinu næstu árin (Family Justice Center Alliance, e.d.; Simmons o.fl., 2016).

Næstu árin fóru aðrar þjóðir að sýna FJC líkaninu áhuga og í dag hafa yfir 130 miðstöðvar eftir módelinu opnað víðsvegar um heiminn með góðum árangri fyrir þolendur ofbeldis (Family Justice Center Alliance, 2018). Ísland var áttunda landið í Evrópu sem stofnaði miðstöð eftir Family Justice Center líkaninu (Þróstur Haraldsson, 2017). Miðstöðvarnar eru þó ekki allar eins innbyrðis milli landa. Markmiðin eru öðruvísi eftir löndum, mismunandi stofnanir og samtök koma að miðstöðvunum og tegundir ofbeldismála eru mismunandi. Hins vegar er undirstaða miðstöðvanna alltaf eins og það er að upplýsa samfélagið að ofbeldi eigi aldrei rétt á sér. Er það gert með fræðslu og forvarnarverkefnum með það að markmiði að draga úr ofbeldi í samfélaginu og aðstoða þolendur ofbeldis með samhæfðri þjónustu á einum stað, líkt og miðstöðin Bjarkarhlíð gefur sig út fyrir að vera (Bjarkarhlíð, e.d.-a; Family Justice Center Alliance, e.d.; Simmons o.fl., 2016).

4.2 Rannsóknir á Family Justice Center

Líkt og áður hefur komið fram hafa rannsóknir sýnt að með góðri samþættri þjónustu milli ólíkra stofnana hefur betri árangur náðst í þjónustu við þolendur. *Family Justice Center* (FJC) er engin undantekning á því og hafa rannsóknir sýnt það að samþætt og þverfagleg þjónusta sem aðgengileg er á einum stað sé eitt af bestu úrræðum fyrir þolendur heimilisofbeldis. FJC hefur tekist að auka almenningsvitund um heimilisofbeldi með góðri upplýsingamiðlun til samfélagsins og aukið verulega forvarnarfræðslu um ofbeldi. Auk þess hefur FJC sent skýr skilaboð út í samfélagið að ofbeldi er ekki samþykkt (EMT Associates, 2013). Niðurstöður rannsókna hafa sýnt það að þeir sem hafa sótt sér þjónustu FJC eru almennt mjög ánægðir með þjónustuna. Niðurstöður sýna meðal annars að þjónustuþegar miðstöðva FJS segjast hafa tekist að öðlast betra líf eftir að hafa þegið aðstoð (EMT Associates, 2013; Simmons o.fl., 2016; Townsend o.fl., 2005).

EMT Associates Inc (2013) gáfu út matskýrslu sem fjallaði um niðurstöður fjögurra stærstu rannsókna sem gerðar hafa verið á FJC líkaninu í Kaliforníu í Bandaríkjunum síðan það hóf göngu sína árið 2002. En EMT Associates stendur fyrir mati, stjórnun og þjálfun á opinberum stofnunum í Bandaríkjunum (EMT Associates Inc, e.d.). Rannsóknirnar voru gerðar á tímabilinu 2010 til 2012 í fylkjum San Diego, Alameda, Sonoma og Anaheim. Tilgangur rannsókna var að meta ávinninginn af þjónustunni sem FJC býður upp á eftir mismunandi staðsetningu og koma með tillögu að því sem betur mætti fara. Greint var einnig frá helstu hindrunum sem höfðu staðið í vegi fyrir verkefninu og komið með tillögum um hvernig hægt væri að bæta þjónustuna enn frekar (EMT Associates, 2013).

Niðurstöður rannsókna leiddu í ljós að þjónustuþegar voru mjög ánægðir með þá þjónustu sem boðið var upp á í FJC og voru athugasemdir um það sem þeim þótti betur mega fara mjög fáar. Eftir eina heimsókn í FJS tjáðu þjónustuþegar almennt frá því að þeim fannst þeir vera að ná tökum á eigin lífi, sjálfstraustið fór vaxandi og valdeflingin varð meiri hjá þeim. Tvær algengustu ástæður þess af hverju þjónustuþegar leituðu til FJC var hve auðvelt var að panta tíma í viðtal og fá ráðgjöf hjá fagaðilum. Algengasta þjónustan sem var veitt í FJC í þessum tilteknu fylkjum var ráðgjöf, stuðningur fyrir börn og að veita þeim sem þurftu húsaskjól. Helstu hindranir sem nefndar voru um FJC hafa verið persónulegs- og tilfinningalegs eðlis fyrir þjónustuþegana, bæði áður og eftir að þeir fóru í FJC. Erfitt var fyrir þjónustuþegana að

opna sig um tiltekið mál og fundu þeir fyrir flóknum tilfinningum hvað varðar gerandann, sig sjálfa og almenning (EMT Associates, 2013; Simmons o.fl., 2016).

Hoyle og Palmer (2014) gerðu rannsókn um árangur og ávinning af FJC í London, Bretlandi, en FJC opnaði fyrst í London árið 2005 og hefur verið starfrækt síðan þá. Miðstöðin FJC í London hefur 33 samstarfsaðila og starfa eftir upprunalega FJC líkaninu í San Diego. Tilgangur rannsóknar Hoyle og Palmer var að kanna hvort samþætt þjónusta fyrir þolendur heimilisofbeldis, eins og FJC gerir sig út fyrir að vera, skili góðum árangri fyrir þolendur. Tekin voru viðtöl við 11 þjónustuþega og 22 samstarfsaðila FJC á tveimur mánuðum.

Helstu niðurstöður rannsóknar Hoyle og Palmer (2014) sýndu að í heildina voru bæði þjónustuþegar og þjónustuveitendur ánægðir með samþætta þjónustu á einum stað. Sérstaklega voru þjónustuþegarnir ánægðir að geta fengið ráðgjöf, lögfræðiaðstoð og félagslega aðstoð undir sama þakinu. Þolendur nefndu kosti þess að þurfa ekki að fara á marga staði og endurtaka sögu sína fyrir mörgum aðilum, sem stuðlaði að því að þeir misstu ekki trú á sjálfum sér, voru öruggari og fannst þeir hafa betra utanumhald um mál þeirra. Þá nefndu þeir einnig að þjónustan væri persónulegri og einstaklingsbundnari með FJC. Flestir þjónustuþegar sem komu í FJC í London þurftu stuðning og aðstoð við að komast út úr þeim aðstæðum sem þeir höfðu búið við í mörg ár. Margar af þeim konum sem leituðu sér aðstoðar hjá FJC fyrir einu til tveimur árum áður en rannsóknin hófst sögðust hafa öðlast nýtt og betra líf eftir að hafa leitað þangað, sjálfsöryggi þeirra hafi orðið miklu betra og líkamleg og andleg heilsa miklu betri. Til að ná sem bestum árangri töldu starfsmenn FJC að mikilvægt væri að sýna þolendum skilning, hlusta vel á þá, mæta þörfum þeirra og reyna að valdefla þá til þess að ná betri tökum á eigin lífi (EMT Associates, 2013).

Lítið er um gagnrýni á FJC líkanið og má segja að niðurstöður rannsókna skili frekar ábendingum um það sem betur megi fara heldur en harðri gagnrýni á líkanið. Þrátt fyrir að ofangreindar rannsóknir hafi sýnt fram á að þolendur hafi almennt verið mjög ánægðir með þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir fengu hjá FJC hafa aðrar rannsóknir sýnt fram á að sú ráðgjöf sé stundum ekki nógu skilvirk gagnvart þolandanum. Ein helsta gagnrýni á FJC hefur verið að líkanið einblíni of mikið á refsiaðgerðir gagnvart geranda og lagalegar aðgerðir. Meiri áherslu mætti leggja á ráðgjöf til þolanda og sálfræðiþjónustu til að byggja þolandann upp. Í þessu samhengi hefur sérstaklega verið

nefnt að ráðgjöfin þurfi að vera meira hvetjandi fyrir þolendur. Fagaðilar sem hvetja einstaklinga til að koma sér undan ofbeldinu og hvetja þá til að vinna marvisst að eigin öryggi eiga auðveldara með betri framtíð. Önnur gagnrýni sem hefur komið fram var að FJC sé ekki nógu einstaklingsmiðað, þar sem þjónustupegar séu með mismunandi þarfir og þurfi mismikla aðstoð. Mögulega þurfi sumir þjónustupegar ekki aðstoð allra þeirra stofnana sem eru samstarfsaðilar FJC og gæti það því haft öfug áhrif á þolendur að fá of mikla aðstoð (EMT Associates, 2013; Hoyle og Palmer, 2014; Townsend o.fl., 2005; Simmons o.fl., 2016).

5 Bjarkarhlíð

Hugmyndin að tilraunaverkefninu Bjarkarhlíð varð til í mars 2015 á kvennáþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Í framhaldi af því var stofnaður vinnuhópur með aðilum frá öllum sem koma að samstarfinu. Ákveðið var að um væri að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára (frá 2016 til 2019). Formlegt undirbúningsferli Bjarkarhlíðar hófst við undirritun viljayfirlýsingar milli allra samstarfsaðila Bjarkarhlíðar þann 4. október 2016. Tilraunaverkefnið Bjarkarhlíð hófst síðan formlega þann 2. mars 2017 og stendur yfir til ársins 2019 eins og áður sagði og er verkefnið því ennþá yfirstandandi (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2017).

Í Bjarkarhlíð er stuðst við líkanið *Family Justice Centre (FJC)* sem fjallað var um hér fyrir ofan og hefur lengi verið starfandi í Bandaríkjunum og víðsvegar í heiminum. Einkenni FJC er þverfaglegt samstarf sem hefur það að markmiði að allir þeir sem hafa afskipti af ofbeldismálum vinni saman að málinu (Þröstur Haraldsson, 2017). Meginmarkmið verkefnisins er að veita þolendum ofbeldis, óháð kyni, samhæfða þjónustu með stuðningi og ráðgjöf á einum stað. Bjarkarhlíð er opin alla virka daga á dagvinnutíma og þar getur fólk komið eða hringt til þess að fá viðtal við fagaðila varðandi ráðleggingar eða aðstoð hvað varðar ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislegt ofbeldi eða á mannsali.

Í Bjarkarhlíð starfa þrír fastir starfsmenn, tveir félagsráðgjafar og ein lögreglukona. Auk þess er um 80% stöðugilda sem samanstendur af ráðgjöfum frá samstarfsaðilum í grasrótinni. Miðað er aðallega við að veita þjónustu til þolenda kynferðisofbeldis, ofbeldis í nánnum samböndum og þolenda mansals og/eða vændis. Ásamt því að veita þessa þjónustu til þolenda er markmið Bjarkarhlíðar einnig að veita fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis. Jafnframt hefur Bjarkarhlíð það að leiðarljósi að gefa skýr skilaboð til almennings um að ofbeldi eigi aldrei rétt á sér og sé ekki liðið í samfélaginu (Bjarkarhlíð, e.d.-a; Reykjavíkurborg, e.d.-a; Reykjavíkurborg, e.d.-b; Þröstur Haraldsson, 2017).

5.1 Starfsemi og uppbygging Bjarkarhlíðar

Þverfaglegt samstarf er hornsteinn starfseminnar í Bjarkarhlíð en verkefnið er samstarfsverkefni milli níu stofnana og grasrótarsamtaka. Þessir samstarfsaðilar eru: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Velferðarráðuneytið, Dómsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Stígamót, Drekaslóð, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Kvennaathvarfið og Kvennaráðgjöfin (Bjarkarhlíð, e.d.-b; Þróstur Haraldsson, 2017).

Félagsráðgjafinn Ragna Björg Guðbrandsdóttir var ráðinn sem verkefnastjóri Bjarkarhlíðar í nóvember 2016 og sérfræðingurinn Hafdís Inga Hinriksdóttir tók til starfa í febrúar 2017. Þær sinna meðal annars ráðgjöfum og sjá um að veita þolendum upplýsingar og stuðning. Fjallað verður nánar um hlutverk félagsráðgjafa í Bjarkarhlíð hér á eftir. Í mars 2017 var einum föstum starfsmanni bætt við í Bjarkarhlíð og var það rannsóknarlögreglukonan Berglind Eyjólfsdóttir, en hún kom frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2017).

Hlutverk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í Bjarkarhlíð er meðal annars að veita upplýsingar um meðferð mála í réttarvörslukerfinu og koma að mati á öryggi þolenda. Jafnframt geta þolendur lagt fram kæru vegna ofbeldisins hjá lögreglunni, hvort sem um er að ræða ný eða gömul mál. Auk þessara föstu starfsmanna koma ráðgjafar frá Kvennaathvarfinu, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands í reglulega viðveru í Bjarkarhlíð (Bjarkarhlíð, e.d.; Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2017). Mannréttindaskrifstofa Íslands sinnir rannsóknum og fræðslu um mannréttindi hér á landi. Auk þess eflir hún umræðuna um mannréttindi fyrir fólkið á landinu. Samhliða þessu sinnir Mannréttindaskrifstofa Íslands ákveðnu eftirlitshlutverki með því að veita umsagnir fyrir lagafrumvörp og skila skýrslum til eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðs (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Grasrótarsamtökin Kvennaráðgjöfin, Stígamót, Drekaslóð og Kvennaathvarfið eiga öll það sameiginlegt að veita sérhæfða þjónustu fyrir þolendur ofbeldis (Drekaslóð, e.d.; Kvennaráðgjöfin, e.d.; Samtök um kvennaathvarf, e.d.-b; Stígamót, e.d.).

Kvennaráðgjöfin er með ókeyppis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur, en karlar geta jafnt sem konur fengið ráðgjöf hvað varðar ofbeldi í Kvennaráðgjöfinni (Kvennaráðgjöfin, e.d.). Stígamót er fyrir bæði karla og konur sem eru þolendur kynferðisofbeldis. Samtökin berjast gegn kynferðisofbeldi og veita þolendum kynferðisofbeldis ráðgjöf, fræðslu og aðstoða þá sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi

(Stígamót, e.d.). Drekaslóð eru samtök sem aðstoða bæði karla og konur sem hafa verið beitt ofbeldi af einhverju tagi. Í Drekaslóð stendur þolendum ofbeldis til boða að koma í viðtöl, fjölbreytt hópastarf og fræðslu um ofbeldi (Drekaslóð, e.d.). Kvennaathvarfið er neyðarathvarf fyrir konur sem ekki geta búið heima hjá sér sökum ofbeldis. Samtökin eru til að styðja þær konur sem hafa verið beittar ofbeldi á heimilum sínum og þurfa á aðstoð að halda til að tryggja öryggi sitt og komast út úr ofbeldissamböndum (Samtök um kvennaathvarf, e.d.-b).

Reykjavíkurborg, Velferðarráðuneytið og Dómsmálaráðuneytið eru einnig samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (Bjarkarhlíð, e.d.-b). Reykjavíkurborg leggur til húsnæðið að Bjarkarhlíð, ásamt ýmsum stuðningi við innra starf. Velferðarráðuneytið leggur til styrk til reksturs verkefnisins. Fyrst voru lagðar 10 milljónir í undirbúningsferlið á verkefninu árið 2016 og árið 2017 voru 20 milljónir lagðar fram til verkefnisins. Til viðbótar því voru svo lagðar aðrar 20 milljónir til verkefnisins árið 2018 (Stjórnarráð Íslands, 2017). Dómsmálaráðuneytið leggur til að einn starfandi lögreglumaður sé ávallt starfandi í Bjarkarhlíð á opnunartíma (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, munnleg heimild, 27. mars 2018).

Stjórn Bjarkarhlíðar er skipuð af fagaðilum sem eru meðal annars lögfræðingar, formenn, deildarstjórar, fulltrúar, félagsráðgjafar, ráðherrar, lögreglustjóri, framkvæmdarstjórar og talsmenn. Stjórnarmenn Bjarkarhlíðar eru skipaðir af samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar. Fjórir stjórnarmenn eru frá Reykjavíkurborg og Mannréttindaskrifstofu Íslands, tveir aðalmenn og tveir varamenn. Tveir aðalmenn eru frá dómsmálaráðuneytinu og fjórir frá velferðarráðuneytinu. Tveir stjórnarmenn eru frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, einn aðalmaður og einn varamaður. Auk þess eru tveir lögfræðingar frá Kvennaráðgjöfinni, einn aðalmaður og einn varamaður, tveir frá Samtökunum um kvennaathvarf, einn aðalmaður og einn varamaður, tveir frá Stígamótum, einn aðalmaður og einn varamaður og tveir stjórnarmenn frá Drekaslóðum, einn aðalmaður og einn varamaður (Bjarkarhlíð, e.d.-c).

Formaður framkvæmdastjórnar Bjarkarhlíðar er Lovísa Lilliendahl, verkefnastjóri í velferðarráðuneytinu. Meðstjórnendur eru fjórir starfsmenn frá Stígamótum, Reykjavíkurborg, Drekaslóð og dómsmálaráðuneytinu. Jafnframt eru varamenn í framkvæmdastjórn fimm og koma þeir frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu,

velferðarráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Samtökunum um kvennaathvarf og Kvennaráðgjöfinni (Bjarkarhlíð, e.d.-c).

5.2 Hlutverk félagsráðgjafa í Bjarkarhlíð

Hér á landi, sem og í öðrum löndum, er félagsráðgjöfum skylt að fara eftir ákveðnum siðareglum í starfi sínu. Þar segir að félagsráðgjafi skal í starfi sínu huga að lausnum vegna félagslegra og persónulegra vandkvæða en einnig sporna gegn félagslegu ranglæti. Í siðareglum félagsráðgjafa er kveðið á um ákveðnar frumskyldur sem fara ber eftir í starfi. Þessar frumskyldur eru ábyrgðar- og hæfniskröfur, faglegar skyldur og systur/bróðurlegar skyldur. Þessar skyldur eru góður leiðarvísir fyrir félagsráðgjafa að fara eftir í starfi sínu (Landlæknir, e.d.).

Fræðimaðurinn Danis (2003) framkvæmdi rannsókn árið 2000 þar sem hann skoðaði þekkingu félagsráðgjafa á heimilisofbeldi. Viðmælendur rannsóknarinnar voru einstaklingar með félagsráðgjafamenntun. Langflestir sem tóku þátt í rannsókninni voru frá Ameríku eða Evrópu og yfir 80% voru konur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að á síðastliðnum 20 árum hafa félagsráðgjafar öðlast aukna þekkingu á eðli og afleiðingum heimilisofbeldis. Með aukinni þekkingu er átt við greiningu og mat á ofbeldi og hvernig árangursríkast sé að grípa inn í þegar um er að ræða heimilisofbeldi. Nauðsynlegt er að félagsráðgjafar öðlist þekkingu í námi sínu til að skima eftir heimilisofbeldi til að ná að stöðva ofbeldið, koma í veg fyrir frekara ofbeldi og að skjólstæðingar fái viðeigandi aðstoð.

Í Bjarkarhlíð starfa tveir félagsráðgjafar, þær Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Hafdís Inga Hinriksdóttir. Líkt og áður sagði er megináhersla Bjarkarhlíðar að veita þolendum ofbeldis aðstoð og stuðla að góðri fræðslu um afleiðingar ofbeldis og hvers eðlis þær eru (Reykjavíkurborg, e.d.-a). Í Bjarkarhlíð veita félagsráðgjafar fræðslu, stuðning og ráðgjöf til þolenda og leitast er við að mæta þjónustuþega þar sem hann er staddur (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, munnleg heimild, 27. mars 2018).

Valdefling þjónustuþega er stór þáttur í starfi Bjarkarhlíðar. Með valdeflingu (e. empowerment) er lögð áhersla á að vinna með styrkleika einstaklingsins frekar en veikleika. Með valdeflingu er einstaklingurinn hvattur til að horfa á þá styrkleika sem hann býr yfir með það að markmiði að hann verði færari um að takast á við þær

áhyggjur sem einstaklingurinn hefur og geti öðlast sjálfstæðara líf (Farley, Smith og Boyle, 2010). Með því að nota valdeflingu er líklegra að þolendur geri raunverulegar og varanlegar breytingar á lífi sínu (Jones og Mattingly, 2016).

Félagsráðgjafar innan Bjarkarhlíðar gegna mikilvægu hlutverki í að vera málstjórar fyrir skjólstæðinga sína þar sem þverfaglegt samstarf ríkir. Með málstjóra (e. case manager) er átt við þann sem heldur utan um mál skjólstæðings en málstjóri ber ábyrgð á farvegi málsins og sömuleiðis hver útkoman verður. Málstjóri hittir skjólstæðing sinn og ræðir við hann, metur styrkleika og þarfir hjá viðkomandi, virkjar hann til þátttöku í samfélaginu, gerir meðferðaráætlun og veitir félagslega ráðgjöf. Auk þess sér málstjóri um að tryggja að allt gangi samkvæmt áætlun og tekur ákvörðun um hvenær eigi að loka málum (Robinson, 2000).

Hlutverk félagsráðgjafa sem málstjóra í þverfaglegu samstarfi er að vera leiðandi í myndun tengslaneta og stofna til samvinnu milli ólíkra stofnana í samfélaginu með heildarsýn og árangur að leiðarljósi. Þörf er á sterku stuðningsneti þegar unnið er með fjölskyldum þar sem ofbeldi hefur viðgengist og félagsráðgjafinn getur því með menntun og þekkingu byggt upp stuðningsnet og gott samstarf á milli stofnana með þverfaglegu samstarfi (Sigurlaug Hauksdóttir, 2006; Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Robinson, 2000).

Hlutverk félagsráðgjafa er að skima eftir styrkleikum og veikleikum viðkomandi og í gegnum menntun og þjálfun eru þeir helstu sérfræðingar þess að vita hvaða úrræði henta einstaklingnum best. Félagsgjafar eiga að mæta skjólstæðingum sínum þar sem þeir eru staddir og vinna út frá þeirri stöðu (Mcclennen, 2010). Segja má að félagsráðgjafar gegni miklu lykilhlutverki í Bjarkarhlíð til þess að veita þolendum þann stuðning sem þeir þurfa á að halda.

5.3 Umfang Bjarkarhlíðar

Mikill árangur hefur náðst með verkefninu Bjarkarhlíð síðan það hóf göngu sína og sýnir fjöldi þjónustuþega það glögg. Eins hafa fagaðilar sem koma að vinnu með þolendum ofbeldis sýnt verkefninu áhuga. Auk þess hafa stofnanir og félagasamtök víðsvegar af landinu heimsótt Bjarkarhlíð (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2017). Umfang starfsins í Bjarkarhlíð fyrir árið 2017 var í heildina 316 þjónustuþegar. Kynjaskiptingin á þjónustuþegunum var mjög áberandi þar sem 91% voru konur og 9% karlar. Ekki voru

margir erlendir ríkisborgarar sem sóttu þjónustu í Bjarkarhlíð en af þeim 316 einstaklingum sem komu í Bjarkarhlíð voru aðeins 35 (11%) einstaklingar erlendir ríkisborgarar og 281 (89%) íslenskir ríkisborgarar. Meirihluti þjónustuþega var á aldrinum 18 ára til 39 ára. Hvað hjúskaparstöðu varðar þá voru 59% ekki í sambandi, 29% í sambandi en 11% voru að skilja þegar þeir ákváðu að leita til Bjarkarhlíðar (Bjarkarhlíð, 2018).

Flestir þjónustuþeganna voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða 66% og voru 34% þjónustuþega búsettir í öðrum sveitarfélögum á landinu. Þeir sem höfðu háskólamenntun voru 27%, 25% voru með framhaldsskólamenntun og 41% með grunnskólamenntun. Flestir þjónustuþegar Bjarkarhlíðar voru í einhverri atvinnu þegar þeir leituðu til Bjarkarhlíðar, eða 37%, en 25% voru öryrkjar og 10% án atvinnu. Meirihluti (79%) þjónustuþega Bjarkarhlíðar höfðu áður upplifað áfall sem tengdist ofbeldi eða áfalli sem hafði gífurlega mikil áhrif á líf þeirra (Bjarkarhlíð, 2018).

Langflestir af þjónustuþegum Bjarkarhlíðar höfðu samband við Bjarkarhlíð símleiðis (83%) en aðrir (10%) með tölvupósti. Þá voru flest málín sem komu á borð Bjarkarhlíðar heimilisofbeldismál (74%). Af þeim málum voru 14% gerenda núverandi makar, 46% voru fyrrverandi makar, 1% voru börn og 13% voru ættingjar. Í 48% tilvika var barn á heimili þjónustuþega. Þegar spurt var um hvernig síðasta atvik hefði verið þá kom í ljós að vopn var notað í 18% tilvika og í 38% tilfella voru munir eyðilagðir (Bjarkarhlíð, 2018).

Flestum þjónustuþegum (62%) var vísað í annað viðtal til samstarfsaðila Bjarkarhlíðar, 23% til Kvennaathvarfsins, 23% til lögreglu og 12% til Stígamóta. Af þeim málum sem hafa komið til Bjarkarhlíðar leituðu 184 einstaklingar til lögreglunnar, eða í 58% tilvika. Af þeim leituðu 49% til lögreglu vegna heimilisofbeldis, 38% vegna kynferðisofbeldis og 13% vegna annarra mála. Af þessum 184 málum sem lögreglan fékk inn á borð hjá sér enduðu 62 mál með kærum. 31% kæranna voru vegna heimilisofbeldis en 64% vegna kynferðisofbeldis (Bjarkarhlíð, 2018).

6 Umræður og lokaorð

Markmið þessarar ritgerðar var að skoða þverfaglegt samstarf fyrir þolendur ofbeldis. Sérstök áhersla var lögð á að fjalla um úrræðið Bjarkarhlíð sem byggir á slíku samstarfi milli níu stofnana og grasrótarsamtaka hér á landi. Lagt var upp með eftirfarandi spurningar:

1. Hvert er hlutverk Bjarkarhlíðar fyrir þolendur ofbeldis?
2. Hvernig hafa úrræði sem byggjast á þverfaglegu samstarfi milli aðila líkt og Bjarkahlíð reynst?
3. Hvernig hefur úrræðið Bjarkarhlíð reynst þolendum og hverjir sóttu helst þjónustu á árinu 2017?
4. Hvert er hlutverk félagsráðgjafa sem vinna með þolendum ofbeldis í Bjarkarhlíð?

Starfsemi Bjarkarhlíðar hófst formlega þann 2. mars 2017 og er um að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára (frá 2016, 2017 og 2018). Samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar eru: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, velferðarráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Stígamót, Drekaslóð, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Kvænnaathvarfið og Kvinnaráðgjöfin. Hlutverk Bjarkarhlíðar er að vera miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og veita þeim samhæfða og þverfaglega þjónustu með stuðningi og ráðgjöf á einum stað. Áhersla er lögð á að veita þjónustu til þolenda kynferðisofbeldis, ofbeldis í nánnum samböndum og þolenda mansals og/eða vændis. Ásamt því að veita þessa þjónustu til þolenda er markmið Bjarkarhlíðar einnig að veita fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis. Þá er það einnig hlutverk Bjarkarhlíðar að gefa þau skilaboð út í samfélagið að ofbeldi eigi aldrei rétt á sér og sé ekki liðið.

Þrjú starfsmenn eru með fasta viðveru í Bjarkarhlíð, tveir félagsráðgjafar og ein lögreglukona. Starfsmenn frá Kvænnaathvarfinu, Drekaslóð, Stígamótum, Kvinnaráðgjöfinni og Mannréttindaskrifstofu Íslands koma svo í reglulega viðveru í Bjarkarhlíð og eftir þörfum. Í Bjarkarhlíð geta þolendur meðal annars leitað og fengið þverfaglega þjónustu í formi stuðnings og fræðslu frá félagsráðgjöfum og öðrum sérfræðingum. Auk þess geta þolendur fengið ráðleggingar frá lögreglu og lagt fram kæru gagnvart geranda. Þolendur geta einnig fengið áframhaldandi þjónustu frá þeim grasrótarsamtökum sem þar starfa, svo sem ráðleggingar og stuðning frá Stígamótum

og búsetuúrræði hjá Kvennaathvarfinu ef tilefni er til. Þessa þjónustu geta einstaklingar sótt sér á einum stað og verður það að teljast mikil framför frá því sem áður var.

Félagsráðgjafar gegna mikilvægu hlutverki í Bjarkarhlíð þar sem þeir sjá um að veita upplýsingar og fræðslu, stuðnings og ráðgjöf til þolenda sem þangað leita. Hlutverk þeirra innan Bjarkarhlíðar er einnig að vera svokallaðir málstjórar fyrir þjónustuþega. Þeir gera áætlun með þjónustuþega eftir styrkleikum og þörfum viðkomandi. Félagsráðgjafar í Bjarkarhlíð gegna líka því hlutverki að vera leiðandi í myndun tengslaneta og stofna til samvinnu milli ólíkra stofnana. Menntun og þjálfun félagsráðgjafa er vel til þess fallin að leiða slíkt samstarf og mæta þjónustuþega þar sem hann er staddur hverju sinni.

Bjarkarhlíð er tiltölulega nýtt úrræði hér á landi og hefur verið starfrækt í rúmt ár. Úrræði sem byggjast á þverfaglegu samstarfi líkt og Bjarkarhlíð gerir eru ný af nálinni hér á landi og þar af leiðandi er ekki til mikill fjöldi rannsókna sem sýna fram á árangur þeirra hérlendis. Tvö tilraunaverkefni hafa verið sett á laggirnar hér á landi en það eru verkefni „Að halda glugganum opnum“ og „Saman gegn ofbeldi“ og voru þau sett af stað af félagsþjónustunni og lögreglunni. Verkefni voru áttak gegn heimilisofbeldi og snerust bæði um nýjar verklagsreglur lögreglu og félagsþjónustunnar. Lögð var áhersla á þverfaglegt samstarf þessara stofnana til þess að stuðla að skilvirkara verklagi og betri þjónustu til þolenda.

Þessi tilraunaverkefni hafa verið metin að vissu marki með íslenskum rannsóknum. Helga Rósa Atladóttir (2015) gerði rannsókn þar sem hún skoðaði reynslu starfsmanna félagsþjónustunnar á Suðurnesjum af samstarfi við lögreglu í verkefninu „Að halda glugganum opnum.“ Áfangamat var svo gert á verkefninu „Saman gegn ofbeldi“ fyrir Reykjavíkurborg og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður þessara beggja rannsókna sýndu að starfsmenn voru almennt ánægðir með samstarfið og mátu að það væri gott inngríp í ofbeldismálum. Starfsmönnum fannst upplýsingagjöf og tengsl milli stofnana hafa aukist og bæst til muna með samstarfinu. Þá fannst starfsmönnum að verkefni gæfu skýr skilaboð til samfélagsins að ofbeldi væri ekki samþykkt af samfélaginu. Segja má því að þverfaglegt samstarf milli stofnana hér á landi, þó það sé nýtt af nálinni, hafi reynst einstaklega vel og gefið góðan árangur að mati samstarfsaðila.

Bjarkarhlíð byggir á hugmyndafræði úrræða sem byggjast á þverfaglegu samstarfi og eiga uppruna sinn að rekja til Bandaríkjanna. Þau úrræði kallast *Family Justice Center*

(FJC) og hafa um 130 miðsvöðvar líkt og Bjarkarhlíð verið stofnaðar víðsvegar um heiminn. Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á FJC og miðstöðvum sem starfa eftir þeirri hugmyndafræði. Rannsóknir sem hafa verið gerðar bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi hafa leitt í ljós að mikill árangur hefur náðst með FJC í þessum löndum og almennt voru þjónustuþegar mjög ánægðir með að hafa leitað sér aðstoðar FJC. Einna helst var nefnt að flestir þjónustuþegar FJC voru ánægðastir með að þurfa eingöngu að fara á einn stað til að fá þá aðstoð sem leitast var eftir. Þjónustan væri einnig aðgengilegri og persónulegri en áður.

Þessar rannsóknir hafa leitt af sér mjög takmarkaða gagnrýni á starfsemi þessara miðsvöðva. Það sem þjónustuþegar nefndu að mætti betur fara var að sú ráðgjöf og sú þjónusta sem þau fengu í FJC mætti vera skilvirkari. Ein helsta gagnrýni á FJC er að of mikið sé einblínt á refsiaðgerðir gagnvart geranda og lagalegar aðgerðir. Meiri áherslu mætti leggja á ráðgjöf til þess að byggja þolandann upp og gera þjónustuna einstaklingsmiðaðri.

Á þessu eina ári sem Bjarkarhlíð hefur verið starfrækt má segja að árangur úrærðisins sé vel sýnilegur. Einstaklingar sem fengu þjónust í Bjarkarhlíð voru 316 á árinu 2017, sem gerir að jafnaði hafi einn einstaklingur á dag leitað til Bjarkarhlíðar frá opnun þess í mars til ársloka 2017. Ungar konur á aldrinum 18 til 39 ára voru í miklum meirihluta þeirra sem leituðu til Bjarkarhlíðar. Meirihluti þeirra eða 79% höfðu áður upplifað áfall sem tengdist ofbeldi eða áfalli sem hafði mikil áhrif á líf þeirra. Flestir sem leituðu sér aðstoðar Bjarkarhlíðar leituðu þangað vegna heimilisofbeldis og voru gerendur í flestum tilfellum núverandi eða fyrrverandi makar. Þá voru flestir, eða nærri sjö af hverjum tíu sem leituðu sér aðstoðar, búsettir í Reykjavík. Þessi tölfræði sýnir að ungar konur eru sá hópur samfélagsins sem er líklegastur til þess að verða þolendur ofbeldis af því tagi sem þjónusta Bjarkarhlíðar miðast einna helst að.

Ofbeldi í nánnum samböndum er mikið þjóðfélagsmein og afleiðingar þess langvarandi og alvarlegar fyrir þann sem verður fyrir því. Þetta er einnig sú tegund ofbeldis sem getur verið hvað mest dulin og er oft falin innan veggja heimilisins. Þeir þolendur sem hafa búið hvað lengst við slíkt ofbeldi eru oft svo brotnir á sál og líkama að þeir þurfa langvarandi og ítarlega þjónustu margra fagaðila til þess að geta náð tókum á eigin lífi aftur. Þverfaglegt samstarf fagfólks er að mati höfundar nauðsynleg þjónusta sem þarf að vera til staðar fyrir þolendur ofbeldis.

Líkt og áður sagði hefur árangur starfs Bjarkarhlíðar ekki farið leynt á þeim stutta tíma sem úrræðið hefur verið starfrækt. Þverfaglegt samstarf milli stofnana er að mati höfundar æskilegt vinnulag sem er komið til að vera. Í flóknum málaflokkum eins og ofbeldi í nánnum samböndum er samvinna mikilvæg. Þetta er þróun sem höfundur vonar að haldi áfram, þar sem árangur skilar sér í bættri þjónustu og auknu öryggi þolenda. Með því að bjóða þverfaglegt samstarf fyrir þolendur, og hafa slíka þjónustu aðgengilega á einum stað, er verið að miða þjónustuna að þjónustuþeganum en ekki að þeim sem veita þjónustuna.

Þar sem þverfaglegt samstarf milli stofnana er frekar nýtt hér á landi er mikil þörf á frekari rannsóknum á árangri þeirra. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa miðast að því að meta árangur slíks samstarfs út frá samstarfsaðilum. Að mati höfundar er nauðsynlegt að skoða árangur slíks samstarfs út frá þeim sem sækja þjónustuna. Það væri því næsta skref, að mati höfundar, til þess að meta árangur þverfaglegs samstarfs að framkvæma rannsókn þar sem reynsla þolenda af slíkri þjónustu er skoðuð hérlendis.

Heimildaskrá

- Belbin, M. R. (1993). *Team roles at work*. Oxford: Butterworth-Heinemann.
- Belbin, R. M. (1981). *Management teams: Why they succeed or fail*. Boston: Butterworth-Heinemann.
- Berg-Weger, M. og Schneider, F. D. (1998) Interdisciplinary collaboration in social work education. *Journal of Social Work Education* 34(1): 97–107.
- Bjarkarhlíð. (2018, 29. janúar). *Fréttatýlkynning um umfang starfsins 2017*. Reykjavík.
- Bjarkarhlíð. (e.d.-a). *Um Bjarkarhlíð*. Sótt af <https://www.bjarkarhlid.is/bjarkarhlid/>
- Bjarkarhlíð. (e.d.-b). *Um Bjarkarhlíð: Samstarfsaðilar*. Sótt af <https://www.bjarkarhlid.is/samstarfsadilar/>
- Bjarkarhlíð. (e.d.-c). *Um Bjarkarhlíð: Stjórnarmenn í Bjarkarhlíð*. Sótt af <https://www.bjarkarhlid.is/stjrn-bjarkarhlar/>
- Brewster, A. L., Brault, M. A., Tan, A. X., Curry, L. A. og Bradley, E. H. (2017). Patterns of collaboration among health care and social services providers in communities with lower health care utilization and costs. *Health services research*. Fyrirfram rafræn birting. doi: 10.1111/1475-6773.12775
- Bronstein, L. R. (2002). Index of interdisciplinary collaboration. *Social Work Research*, 26(2), 113-123.
- Bronstein, L. R. (2003). A model for interdisciplinary collaboration. *Social Work*, 48(3), 297- 306.
- Bronstein, L., Mizrahi, T., Korazim-Korösy, Y. og McPhee, D. (2010). Interdisciplinary collaboration in social work education in the USA, Israel and Canada: Deans' and directors' perspectives. *International Social Work*, 53(4), 457-473.
- Bugeja, L., Dawson, M., McIntyre, S. og Walsh, C. (2015). Domestic/Family violence death reviews: An international comparison. *Trauma, Violence, & Abuse*, 16(2), 179-187.
- Clements, D., Dault, M. og Priest, A. (2007). Effective teamwork in healthcare: Research and reality. *Canadian Health Services Research Foundation*, 7, 26-34. doi:10.12927/hcpap.2013.18669
- Danis, F. S. (2003). Social work response to domestic violence: Encouraging news from a new look. *Affilia*, 18(2), 177-191.
- DrekaSlóð. (e.d.). *Um okkur*. Sótt af <http://drekaslod.is/um-okkur.html>

- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Rannsóknastofa í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/10724/1/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf
- EMT Associates Inc. (2013, júlí). *Final evaluation results: Phase II California family justice initiative statewide evaluation*. Sótt af http://issuu.com/familyjusticecenteralliance/docs/evaluation___outcomes_-_cfji_final_
- EMT Associates Inc. (e.d.). *Home*. Sótt af <https://www.emt.org/index.html>
- Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir. (2015). *Saman gegn ofbeldi: Átak Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldis*. Reykjavík: Áfangamat RIKK - Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum.
- Family Justice Center Alliance. (2018). *Kern County Family Justice Center set to open January 17th*. Sótt af <https://www.familyjusticecenter.org/kern-county-family-justice-center-set-to-open-january-17th/>
- Family Justice Center Alliance. (e.d.). *History*. Sótt af <https://www.familyjusticecenter.org/about-us/history/>
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2010). *Introduction to social work* (11.útg.) Boston: Pearson/Allyn and Bacon.
- Garðar Gíslason, Hjördís Þorgeirsdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (1995). *Ofbeldi*. Reykjavík: Jafnréttisráð, karlanefnd.
- Helga Rósa Atladóttir. (2015). „*Að halda glugganum opnum*” – *Reynsla starfsmanna félagsþjónustu af samstarfi við lögreglu um heimilisofbeldi á Suðurnesjum* (MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/23404/1/Helga%20R%C3%B3sa%20Atlad%C3%B3ttir_lokaeintak%20MA_Skemman.pdf
- Hoyle, C. og Palmer, N. (2014). Family justice centres: A model for empowerment? *International Review of Victimology*, 20(2), 191-210.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Jones, A. L. E. og Mattingly, K. (2016). Empowerment, social justice, and feminist selfdefense: The benefits of incorporating embodied empowerment skills in social work practice. *Affilia: Journal of Women and Social Work*, 31(2), 263-270.

- Karam, M., Brault, I., Van Durme, T. og Macq, J. (2018). Comparing interprofessional and interorganizational collaboration in healthcare: A systematic review of the qualitative research. *International Journal of Nursing Studies*, 79, 70-83.
- Kvennaráðgjöfin. (e.d.). *Kvennaráðgjöfin*. Sótt af <http://www.kvennaradgjofin.is/>
- Lagdon, S., Armour, C. og Stringer, M. (2014). Adult experience of mental health outcomes as a result of intimate partner violence victimisation: a systematic review. *European Journal of Psychotraumatology*, 5, 1-12.
- Landlæknir. (e.d.). Siðareglur félagsráðgjafa. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/gaediogeftirlit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>
- Larsen, A. K., Sewpaul, V. og Hole, G. O. (ritstjórar). (2014). *Participation in community work: International perspectives*. Oxfordshire: Routledge.
- Lokhmatkina, N. V., Feder, G., Blake, S., Morris, R., Powers, V. og Lightman, S. (2013). Longitudinal measurement of cortisol in association with mental health and experience of domestic violence and abuse: study protocol. *BMC Psychiatry*, 13(1), 1-8.
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum. (2014). *Skýrsla: Tilraunaverkefni lögreglunnar á Suðurnesjum og félagsþjónustunnar í heimilis ofbeldismálum. „Að halda glugganum opnum“*. Reykjanesbær: Höfundur.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Um okkur*. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/um-okkur>
- McAllister, J. M. og Lewis, A. R. (2010). Social worker's role in helping the church address intimate partner violence: An invisible problem. *Social work and christianity*, 37, 161- 187.
- McClenen, J, C. (2010). *Social work and family violence: Theories,assessment and intervention*. New York: Springer publishing company.
- Miller, C. og Ahmad, Y. (2000). Collaboration and partnership: An effective response to complexity and fragmentation or solution built on sand? *The International Journal of Sociology and Social Policy*, 20(5/6), 1-38.
- Owusu Adjah, E. S. og Agbemafle, I. (2016). Determinants of domestic violence against women in Ghana. *BMC Public Health*, 16(1), 1-9.
- Payne, M. (2000). *Teamwork in multiprofessional care*. New York: Palgrave.
- Pennington-Zoellner, K. (2009). Expanding 'community' in community response to intimate partner violence. *Journal of Family Violence*, 24(8), 539-545.

- Petri, L. (2010). Concept analysis of interdisciplinary collaboration. *Nursing Forum*, 45(2), 73- 82. doi:10.1111/j.1744-6198.2010.00167.x
- Popple, K. (1995). *Analysing community work: Its theory and practice*. London: Open University Press.
- Powell, J. (2005). Multiprofessional perspectives. Í L. Jones, R. Holmes og J. Powell (ritstj.), *Early childhood studies: a multiprofessional perspective*. Berkshire: McGrawHill.
- Ragna Björg Guðbrandsdóttir. (2017). *Skýrsla verkefnastjóra Bjarkarhlíðar – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis*. Reykjavík: Höfundur.
- Reykjavíkurborg. (e.d.-a). *Bjarkarhlíð*. Sótt af <http://reykjavik.is/bjarkarhlid>
- Reykjavíkurborg. (e.d.-b). *Þolendur leita til Bjarkarhlíðar*. Sótt af <https://reykjavik.is/frettir/tholendur-leita-til-bjarkarhlidar>
- Robinson, M. M. (2000). Case management for social workers: A gerontological approach. Í R. L. Schneider, N. P. Kropf og A. J. Kisor (ritstjórar), *Gerontological social work. Knowledge, service settings, and special populations* (2. útgáfa) (bls. 136–164). Toronto: Brooks/Cole.
- Samtök um kvennaathvarf. (2003). *Ofbeldi gegn konum: hvað-hvernig-hvers vegna?* (3.útg.) Reykjavík: Kvennaathvarf.
- Samtök um kvennaathvarf. (e.d.-a) *Skilgreiningar á heimilisofbeldi*. Sótt af https://kvennaathvarf.is/?page_id=23
- Samtök um kvennaathvarf. (e.d.-b). *Um samtökin*. Sótt af https://kvennaathvarf.is/?page_id=41
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu - eitt sérfræðisviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagráðgjöf í Heilbrigðisþjónustu* (bls. 33-47). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurlaug Hauksdóttir. (2006). Forvarnarstarf um kynheilbrigði: Unglingamóttaka og félagráðgjöf. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 94-110). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Simmons, C., A., Howell, K., H., Duke, M., R. og Beck, J., G. (2016). Enhancing the Impact of Family Justice Centers via Motivational Interviewing: An Integrated Review. *Trauma, Violence og Abuse*, 17(5), 532-541.

- Stígamót. (e.d.). *Um stígamót*. Sótt af <https://www.stigamot.is/is/um-stigamot>
- Stjórnarráð Íslands. (2017). *Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis opnuð*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/03/03/Bjarkarhlid-midstod-fyrir-tholendur-ofbeldis-opnud/>
- Townsend, M., Hunt, D., & Rhodes, W. (2005, desember). *Evaluability assessment of the President's Family Justice Center Initiative*. Sótt af <https://www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/grants/212278.pdf>
- Tuckman, B. W. (1965). Developmental sequences in small groups. *Psychological Bulletin*, 63(6), 384-399.
- Tuckman, B. W. og Jensen, M. A. (1977). Stages of small-group development revisited. *Group & Organization Studies*, 2(4), 419-427.
- Twelvetrees, A. (2008). *Community work (3. útgáfa)*. New York: Palgrave Macmillan.
- World Health Organization. (2013a). *Global and regional estimates of violence against women: prevalence and health effects of intimate partner violence and non-partner sexual violence*. World Health Organization.
- World Health Organization. (2013b). *Responding to intimate partner violence and sexual violence against women: WHO clinical and policy guidelines*. World Health Organization.
- Þróstur Haraldsson. (2017). Nýsköpun í félagsráðgjöf: Samhæfð þjónusta við þolendur ofbeldis – Bjarkarhlíð. *Tímarit félagsráðgjafa*, 11(1), 24.